

Alþingi
Erindi nr. P 131/1125
komudagur 23. 3. 2005



Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir,
nefndarritari
150 Reykjavík

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 22. mars 2005
Tilvísun : 2005030022

Vísað er til bréfs dags. 14. mars sl. þar sem Barnaverndarstofu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 73. mál.

Eins og kunnugt er starfar Barnaverndarstofa á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 en skv. 3. gr. laganna taka þau til einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndarstofa hefur því ekki sérstaklega yfirsýn yfir vanda ungs fólks á aldrinum 18-24 ára.

Barnaverndarstofa hefur látið sig varða mál þeirra barna á aldrinum 15-18 ára sem fá óskilorðsbundna fangelsisdóma og eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögum þá er í gildi samningur milli Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar um þann möguleika að þessi börn afpláni sinn dóm á meðferðarheimili á vegum stofnunar. Afar sjaldan hefur reynt á þennan samning enda má gera ráð fyrir að börn séu sjaldan dæmd í óskilorðsbundið fangelsi. Barnaverndarstofa tekur undir það að vert sé að skoða sérstaklega málefni ungra fanga og leita leiða til að tryggja að komið verði til móts við hagsmuni þeirra og hugsanlega sérstöðu meðal fanga almennt. Barnaverndarstofa verður þó að telja að í greinargerð með þingsályktunartillögum sé varla að finna nægilegar röksemdir til að styðja þá leið að Alþingi álykti um deildaskiptingu í fangelsum. Engar upplýsingar eru t.d. um fjölda þessara einstaklinga, kynskiptingu, möguleika á kynskiptum sérdeildum í kynskiptum fangelsum og um brotaferil þeirra. Í ljósi annarra viðurlaga sem beitt er í málum ungs fólks verður Barnaverndarstofa að telja frekar ólíklegt að mikill fjöldi einstaklinga á aldrinum 18 til 24 ára fái óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir eitt smávægilegt brot, eins og tæpt er á í greinargerð.

Ef gera á breytingar í fangelsismálum að þessu leyti telur Barnaverndarstofa réttast að skoða betur þarfir þessa hóps, t.d. varðandi viðurlagategundir, möguleika á afplánun utan fangelsins, opin fangelsis o.þ.h., og meta í kjölfarið hvort rétt sé að gera þá breytingar á lögum á fangelsi og fangavist.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu